

þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 659/1996 fyrir sorphirðu í Hruna-
mannahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfsh-
hvols, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin
af Skipulagsstofnun. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi áður samþykkt
deiliskipulag frá 8. september 1997.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir reiðhöll og hesthús og annan reit fyrir byggingu
smáhýsa/starfsmannahúsa, er tilheyra rekstri reiðhallarinnar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og vélageymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og véla-
geymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin
af Skipulagsstofnun.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir unghænuhús og vélageymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.